

Umhverfisstofnun
Áb. _____
<b>16. nóv. 2017</b>
Tilv. _____

Grindavíkurbær  
Skipulags- og umhverfissvið / Byggingarfulltrúi  
Víkurbraut 2  
240 Grindavík

Reykjavík 16. nóvember 2017  
UST201705-256/S.I.  
08.04


### Umsókn Skeljungs hf. um olúbirgðastöð í Grindavík

Vísað er til umsóknar Skeljungs hf. til Umhverfisstofnunar um starfsleyfi fyrir olúbirgðastöð sem er með aðkomu frá Nesvegi í Grindavík, um 500 m frá eystri viðleguköntum hafnarinnar. Sækja þarf um nýtt starfsleyfi fyrir stöðina þar sem núverandi starfsleyfi rennur út 31. janúar 2018. Ekki er verið að breyta neinum sérstökum þáttum í starfseminni. Umfang starfseminnar sem sótt er um er að heildarrýmd stöðvarinnar er 165 m<sup>3</sup> og þar af eru 110 m<sup>3</sup> í stærsta geymi.

Í umsókninni kom fram að ekki liggur fyrir deiliskipulag fyrir svæðið. Samkvæmt grein 16.1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, ber útgefanda starfsleyfis að leita umsagnar skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa viðkomandi sveitarfélags þegar þannig stendur á að sótt sé um starfsleyfi og ekki er til staðar deiliskipulag. Efni umsagnarinnar skal snúa að því hvort starfsemin samræmist aðalskipulagi varðandi landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

Óskað er eftir umsögn skipulags- og umhverfissviðs sem og byggingarfulltrúa um hvort starfsemin samræmist aðalskipulagi varðandi landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar. Vakin er athygli á að þessar upplýsingar varða skilyrði rekstrar sem þarf að uppfylla svo veita megi starfsleyfið samkvæmt umsókn. Heimilt er að fenginni umsögn að veita starfsleyfi en ekki þó lengur en til fjögurra ára.

Virðingarfyllst,



Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri



Sigurður Ingason  
Sérfræðingur

Afrit:  
Haukur Einarsson  
Mannvit hf.